

Hnitatafla í vasareikni



Skref 1. Velja [SET UP] og TABLE (oft nr. 3, á myndinni er það nr. 7).

Þá birtist $f(x) =$ á skjánum á vasareikninum.

Skref 2. Slá inn jöfnu. Til að fá bókstafinn X þarf að velja [ALPHA] og takka [)] þar sem **rautt X** er fyrir ofan.

Skref 3. Velja [=] Þá birtist “ Start ? ” Og sjálfkrafa tölugildið 1 fyrir x. Ef maður vill hafa mínus tölugildi á x þá velur maður t.d. -4. Valið fer eftir tölugildinu á samhverfuásnum. Ráðlagt að velja tölugildi sem er lægra en samhverfuás.

Skref 4. Velja [=] Þá birtist “ END?” og sjálfkrafa 5. Hér velur maður eitthvað hærra gildi fyrir x sem hentar. (má vera 5)

Skref 5. Velja [=] Þá birtist “ STEP ? ” Sjálfgefið gildi er 1. Ef það er valið þá er 1 á milli tölugilda x í hnitatöflu eins og er í dæmahefti á bls. 16.

Skref 6. Velja [=] Þá birtist hnitataflan. $F(x) = y$.